

# KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG  
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR  
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

KJÖLUR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU  
VEGNA TÓNLISTARSKÓLA

**GILDISTÍMI:**

1. APRÍL 2023 til 31. MAÍ 2024

**EFNISYFIRLIT**

<b>1. KAFLI: KAUP</b> .....	<b>3</b>
1.1          MÁNAÐARLAUN.....	3
1.4          KENNSLA OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRNENDA.....	3
1.4.4      LAUN MILLISTJÓRNENDA.....	4
1.10       ANNARUPPBÓT.....	5
<b>14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR</b> .....	<b>6</b>
14.1       GILDISTÍMI OG ATKVÆÐAGREIÐSLA.....	6
<b>BÓKANIR</b> .....	<b>7</b>
ELDRI BÓKANIR .....	7
<b>FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR</b> .....	<b>8</b>
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR.....	8
FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN.....	11

## INNGANGUR

Kjarasamningur aðila, ásamt bókunum og fylgiskjölum, framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi nær til félagsmanna í Kili stéttarfélagi í almannatjónustu er starfa samkvæmt kjarasamningi þessum í tónlistarskólum hjá sveitarfélögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur samningsumboð fyrir.

## 1. KAFLI: KAUP

### 1.1 MÁNAÐARLAUN

#### 1.1.1 Föst mánaðarlaun tónlistarskólakennara

Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflu A-1 í fylgiskjali 1, gildistími: 1. desember 2023 til 31. maí 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Með launatöflu A-1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. viðauka 1 í kjarasamningi aðila með gildistíma 1. janúar 2022 til 31. mars 2023, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu A-1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningum 2019 til 2023.

#### Grein 1.1.3 breytist og hljóði svo:

#### 1.1.3 Sérstakar eingreiðslur á samningstíma

Þann 1. janúar 2024 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi á tímabilinu frá 1. apríl 2023 til 30. nóvember 2023 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 440.000 -.

Greitt skal miðað við starfshlutfall og starfstíma á framangreindu tímabili.

#### Lokasetning í grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:

#### 1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

Á samningstímanum hækka önnur laun um 5% þann 1. janúar 2024.

### 1.4 KENNSLA OG RÖÐUN SKÓLASTJÓRNENDA

#### Grein 1.4.2 um launatöflur og röðun skólastjóra breytist og hljóði svo:

#### 1.4.2 Launatöflur og röðun skólastjóra

Föst mánaðarlaun skólastjóra sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflu skólastjórnenda í fylgiskjali 1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. desember 2023 til 31. maí 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Með launatöflu B-1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. viðauka 1 í kjarasamningi aðila með 1. janúar 2022 til 31. mars 2023, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu B-1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningum 2019 til 2023.

Stig skóla	Launaflokkur
0	410
24	411
40	412
60	413
80	414
100	415
125	416
150	417
175	418
200	419
225	420
250	421
300	422
350	423

Stig skóla	Launaflokkur
400	424
500	425
600	426
700	427
850	428
1000	429
1150	430
	431
	432
	433
	434
	435
	436

Lágmarksröðun skólastjóra er launaflokkur 414.

#### 1.4.4 LAUN MILLISTJÓRNENDA

##### 1.4.4.1 Launatöflur og röðun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra

Föst mánaðarlaun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem gegna fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflu skólastjórnaenda í fylgiskjali 1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. desember 2023 til 31. maí 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Með launatöflu B-1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. viðauka 1 í kjarasamningi aðila með gildistíma 1. janúar 2022 til 31. mars 2023, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu B-1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningum 2019 til 2023.

Stjórnunarhlutfall	Stig skóla	Aðstoðarskólastjóri Launaflokkur	Deildarstjóri Launaflokkur
<30%	að 125	413	412
	frá 126	414	413
30 til 49%	að 225	415	414
	frá 226	416	415
50 til 74%	að 325	417	416
	frá 326	418	417
75 til 100%	að 725	419	418
	frá 726	420	419

**Grein 1.5.4 um viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu breytist frá og með 1. desember 2023.****1.5.4 Viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórnenda**

Grein 1.5.4. breytist og eftirfarandi gildir frá 1. desember 2023.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar fá eftirfarandi viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu í tónlistar-, lista-, grunn-, leik-, framhalds- og/eða háskóla:

- Einn launaflokkur eftir 5 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 10 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 15 ára stjórnunarreynslu.
- Einn launaflokkur eftir 20 ára stjórnunarreynslu.

Kennsluferil allt að 10 árum skal meta með sama hætti og um stjórnunarreynslu væri að ræða. Grein þessi veitir að hámarki 6 viðbótarlaunaflokka

**1.10 ANNARUPPBÓT**

Tónlistarskólakennari/skólastjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvernar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma á hvorri önn.

Annaruppbót 1. júní 2023	kr. 100.800-
Annaruppbót 1. desember 2023	kr. 100.800-

---

## 14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

---

### 14.1 GILDISTÍMI OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

Samningur þessi um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila, gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu þegar í stað. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 22. desember 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 20. desember 2023

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. Kjalar stéttarfélag í almannatjónustu  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

## BÓKANIR

### ELDRI BÓKANIR

Aðilar eru sammála um að bókanir haldi gildi sínu á samningstímanum:

## FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

### FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun tónlistarskólakennara sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Launatafla A-1, gildistími: 1. desember 2023 til 31. maí 2024.

KJÖLUR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU		
vegna tónlistakennara		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 1		
1. desember 2023 til 31. maí 2024		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	434.108
	102	438.406
	103	442.764
	104	447.186
	105	451.675
	106	456.236
	107	460.861
	108	465.555
	109	470.318
	110	475.160
	111	480.067
	112	485.049
	113	490.109
	114	495.241
Tónlistarskólakennari I	115	500.452
	116	505.742
	117	511.109
	118	516.557
	119	522.092
	120	527.703
Tónlistarskólakennari II	121	533.402
	122	539.186
	123	545.056
	124	551.011
	125	557.059
	126	563.199
Tónlistarskólakennari III	127	569.429
	128	575.757
	129	582.175



<b>KJÖLUR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU</b>		
<b>vegna tónlistakennara</b>		
<b>Tónlistarskólakennarar</b>		
<b>LAUNATAFLA: A - 1</b>		
<b>1. desember 2023 til 31. maí 2024</b>		
<b>Starfsheiti</b>	<b>Launaflokkur</b>	<b>Laun</b>
	130	588.684
	131	595.302
	132	602.013
	133	608.823
	134	615.739
	135	622.757
	136	629.880
	137	637.112
	138	644.454
	139	651.899
	140	659.464
	141	667.137
	142	674.925
	143	682.831
	144	690.854
	145	698.654
	146	706.917
	147	714.834
	148	723.342
	149	731.376
	150	740.134
	151	748.296
	152	757.313
	153	765.593
	154	773.874
	155	783.277
	156	791.691
	157	800.139
	158	809.545
	159	819.062

Mánaðarlaun skólastjórnenda sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu.

Launatafla B-1, gildistími: 1. desember 2023 til 31. maí 2024.

<b>KJÖLUR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNABJÓNUSTU</b>		
<b>vegna tónlistakennara</b>		
<b>Skólastjórnendur</b>		
<b>LAUNATAFLA: B - 1</b>		
<b>1. desember 2023 til 31. maí 2024</b>		
<b>Stig skólastjóra</b>	<b>Launaflokkur</b>	<b>Krónur</b>
0	410	636.461
24	411	651.094
40	412	666.169
60	413	681.697
80	414	697.689
100	415	714.164
125	416	731.129
150	417	748.603
175	418	766.605
200	419	785.144
225	420	804.240
250	421	823.910
300	422	844.170
350	423	865.035
400	424	886.529
500	425	908.667
600	426	931.470
700	427	954.952
850	428	979.143
1000	429	1.004.062
1150	430	1.029.725
	431	1.054.896
	432	1.080.796
	433	1.107.447
	434	1.134.865
	435	1.163.076
	436	1.192.104
	437	1.221.871

**FYLGISKJAL 8: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN**

Yfirlýsing og verkáætlun á gildistíma kjarasamnings 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Innleiðingarhópur aðila starfar áfram á samningstímanum.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	Vinna þegar hafin	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.